

Fundur í Samvinnunefnd um málefni norðurslóða (SUMN)

á Borgum á Akureyri og í utanríkisráðuneytinu í Reykjavík,
föstudaginn 20. september 2013, kl. 10 til 12.

Á fundinn mættu neðangreindir fulltrúar í Samvinnunefndinni:

- Þorsteinn Gunnarsson frá [Rannsóknamiðstöð Íslands](#) (Rannís), formaður nefndarinnar
- Héðinn Valdimarsson frá [Hafrannsóknastofnun](#)
- Helgi Jensson frá [Umhverfisstofnun](#) (varamaður Gunnlaugar Einarsdóttur)
- Hulda Proppé frá [Rannís](#)
- Halldór Björnsson frá [Veðurstofunni](#) (fyrir Jórunni Harðardóttur)
- María Harðardóttir frá [Náttúrufræðistofnun](#)
- Jón Haukur Ingimundarson frá [Stofnun Vilhjálms Stefánssonar](#) (fyrir Níels Einarsson)

og að auki:

- Atli Már Sigurðsson frá [utanríkisráðuneytinu](#)
- Sólrún Svandal, stjórnarráðsfulltrúi í málefnum norðurslóða hjá [utanríkisráðuneytinu](#)
- Þorsteinn Ingólfsson frá alþjóða- og öryggisviði [utanríkisráðuneytisins](#), sendiherra Íslands í málefnum Norðurslóða (SAO - Senior Arctic Official)
- Tómas Orri Ragnarsson frá [utanríkisráðuneytinu](#)
- Embla Eir Oddsdóttir frá [Norðurslóðaneti Íslands](#)
- Tom Barry frá [CAFF](#)
- Halldór Jóhannsson frá [Arctic Portal](#)

Fjarverandi voru: Gísli Pálsson, Joan Nymand Larsen og Þóroddur Sveinsson.

Til fundarins var boðað með eftirfarandi dagskrá:

1. Setning fundar, fundargerð síðasta fundar, kynning á dagskrá
2. Framundan í utanríkisráðuneytinu tengt norðurslóðum
 - Innanlands
 - Erlendis
3. Norðurslóðadagur 14. nóv. 2013 í Hafrannsóknastofnun (drög að dagskrá fylgdu fundarboði)
4. Norðurslóðadagur 2014 í Nuuk
5. Arctic Energy Summit og Arctic Circle
6. Fréttir frá stofnunum
7. Önnur mál

1. Setning fundar, fundargerð síðasta fundar, kynning á dagskrá

Þorsteinn Gunnarsson setti fundinn og bauð Þorstein Ingólfsson (SAO) og Tómas Orri Sigurðsson sérstaklega velkomna í hópinn. Fundargestir kynntu sig. [Fundargerð síðasta fundar](#) er á heimsíðu SVS. Dagskrá fundarins var kynnt og síðan gengið til dagskrár.

2. Framundan í utanríkisráðuneytinu tengt norðurslóðum

Hópur utanríkisráðuneytisins sem þátt tekur í SUMN fundum hefur verið styrktur. Þorsteinn Ingólfsson og Tómas Orri Ragnarsson frá utanríkisráðuneytinu eru báðir nýir og kynntu sig stuttlega. Þorsteinn er nýtekinn við starfi SAO (Senior Arctic Official) í [Norðurskautsráðinu](#). Auk þeirra halda áfram fundarsetu frá ráðuneytinu, þau Atli Már Sigurðsson og Sólrún Svandal. Þorsteinn sagði síðan frá því sem framundan er í ráðuneytinu.

Innanlands: Búið er að undirbúa og hleypta af stökkunum viðskiptaráði norðurslóða (Icelandic-Arctic Chamber of Commerce) með [Viðskiptaráð Íslands](#), [utanríkisráðuneytið](#), [Samtök iðnaðarins](#) og [Norðurslóðanet Íslands](#) sem bakhjarla. Það er hið fyrsta sinnar tegundar og hefur vakið athygli annarra þjóða. – [Arctic Energy Summit](#) verður á Akureyri í 8.-10. október og Þorstein langar að nota tækifærið og hitta nefndarfólk á Akureyri. – Fjölbjóðlega leitar- og björgunaræfingin SAREX Greenland SEA 2013 fór fram á Grænlandshafi 2.-6. september sl. Æfð voru viðbrögð þegar skemmtiferðaskip lenda í áföllum á afskekktum hafsvæðum. Ísland sendi varðskipið Tý og flugvélina Sif á æfinguna. Veður var mjög slæmt, en æfingin þótti takast mjög vel.

Utanlands: Þorsteinn ræddi stöðu Evrópusambandsins innan Norðurskautsráðsins, en það sótti um áheyrnaraðild að ráðinu og Kanada setti fyrirvara um samþykki sitt. Í gær var staðfest að ESB mun taka þátt í fundi embættismanna ráðsins í Whitehorse í Kanada í október, en formlega hefur ekki enn verið gengið frá áheyrnaraðild ESB. – Áhersla Kanada í sinni formennskutíð verður m.a. stofnun viðskiptaráðs norðurslóða (Circumpol Business Forum) og hefur Ísland tekið virkan þátt í þeim undirbúningi. – Annað verkefni sem ofarlega er á lista Kanadamanna er verkefni sem snýr að því hvernig megi draga úr sótmengun á norðurslóðum. – Þann 22.-23. október situr Þorsteinn sinn fyrsta [SAO fund](#) í Whitehorse í Kanada. – Ráðherra sótti Kanada heim fyrir stuttu og átti góðan fund með utanríkisráðherra Kanada um norðurskautsmál, samstarf sem bæði löndin vilja styrkja. Kanadíski ráðherrann þáði boð um opinbera heimsókn til Íslands. – Þorsteinn bað að lokum Jón Hauk um að segja frá undirbúningi ráðstefnu um jafnréttismál, sem ráðuneytið kemur að, ásamt Norrænu ráðherranefndinni og fleirum.

Jón Haukur Ingimundarson sagði frá aðkomu sinni og Kristínar Ástgeirsdóttur framkvæmdastýru [Jafnréttisstofu](#) að ráðstefnu með heitinu Gender Equality in the Arctic, 5.-7. nóvember 2014 á Akureyri. Þau hafa unnið með Atla Má Sigurðssyni að því að fá sem flesta samstarfs- og styrktaraðila. Sólrún Svandal sagði að staðfest væri að SDWG ([Sustainable Development Working Group](#)) muni styðja verkefnið og einnig að Norðmenn hefðu staðfest þátttöku.

3. Norðurslóðadagur 14. nóv. 2013 í Hafrannsóknastofnun

Tillögur lágu fyrir um staðsetningu og dagskrá og hafa verið sendar forstöðumönnum stofnana. Margir hafa sent inn hugmyndir að erindum og efni, en allt er þetta á tillögustigi ennþá þannig að athugasemdir og tillögur frá nefndarfólki eru velkomnar. Embla Eir ([Norðurslóðanet Íslands](#)) mun fara suður og skoða og ganga frá skipulagi. Hún fór síðan yfir fjölbreytta tillögu að dagskrá og veggspjöldum og lýsti eftir fleiri hugmyndum eða athugasemdum.

Gert er ráð fyrir opunarávarpi umhverfisráðherra og móttöku í boði ráðuneytisins og Níels Einarsson mun sjá um þau tengsl við ráðuneytið. Bent var á að það vantaði erindi tengd vísindastarfi í vinnuhópum Arctic Council og tók Tom vel í að sjá um það. Einnig var lagt til að IASC áætlanir verði kynntar og tók Þorsteinn Gunnarsson það að sér í samráði við Halldór Björnsson. Þorsteinn Ingólfsson taldi að e.t.v. ætti Hugi Ólafsson að taka þátt í hans stað í pallborðsumræðunum. Fleiri hugmyndir voru viðraðar.

Halldór Björnsson lagði til að [Dr. John Walsh](#) (International Arctic Research Center/University of Alaska Fairbanks) verði með öndvegiserindið. Hann er framarlega í hafís- og lofthjúpsrannsóknunum og verður á IASC fundum á Íslandi í sömu viku. Nefndarfólki leist vel á þessa tillögu.

Stuttlega var rætt um hugsanlegan fundarstjóra og stjórnanda pallborðs. Talað var um veggspjöld, fjölda þeirra og tiltækt pláss.

Kostnaður verður óhjákvæmilega einhver þótt reynt verði að halda honum í lágmarki. Síðast var kostnaði deilt niður á stofnanirnar sem eiga fulltrúa í SUMN og sami háttur verður hafður á núna. Kostnaðurinn verður vegna kaffiveitinga og auglýsinga (ein í Morgunblaðinu og ein í Fréttablaðinu).

4. Norðurslóðadagur 2014 í Nuuk

Jón Haukur sagði frá Norðurslóðadeginum í Nuuk árið 2012. Þegar ákveðið var að halda þennan dag annað

hvort ár var lögð áhersla á að ákveða tímann með góðum fyrirvara og vonast um leið til að fleiri stofnanir SUMN gætu tekið þátt. Dagsetning er ekki ákveðin, en gert er ráð fyrir tveim dögum, sem valdir verða í samvinnu við Grænlandinga. Þorsteinn Ingólfsson sagði að Pétur Ásgeirsson, aðalræðismaður hjá nýopnaðri [aðalræðisskrifstofu í Nuuk](#), myndi veita alla tiltæka aðstoð við Norðurslóðadaginn.

5. Arctic Energy Summit og Arctic Circle

Halldór Jóhannsson sagði að um 150 erlendar skráningar hefðu borist á [Arctic Energy Summit](#) sem fram færi 8.-10. október nk. á Akureyri, en frekar fáar frá Íslendingum.

Ráðstefna undir heitinu [Arctic Circle](#) verður haldin í Hörpu 12. -14. október 2013. Aðalfrumkvöðull hennar er Ólafur Ragnar Grímsson. Lagt hefur verið til að SUMN eigi aðild að málstofu um klasasamstarf á norðurslóðum (Cooperation Between Clusters: sjá uppkast sem sent var rétt fyrir fundinn) ásamt [Norðurslóðaneti Íslands](#), [Arctic Services](#) og Icelandic-Arctic Chamber of Commerce. Embla sagði aðeins frá þessum aðilum, sem að sumu leyti skarast, og hvernig málstofan væri hugsuð.

Halldór Björnsson nefndi kynningu frá Veðurstofnunni á niðurstöðum verkefnis um jöklabráðnun og sjávarýfirborðshækkun, sem tengist Arctic Circle.

Utanríkisráðherra tekur þátt í Arctic Circle og notar tækifærið til að hitta SAOa, erlenda fulltrúa Norðurskautsráðsins og fleiri.

Embla Eir Oddsdóttir sagðist hafa lagt til lotu (e. session) á Arctic Circle ráðstefnunni sem bæri heitið Cooperate Social Responsibility, sem væri sett í mismunandi samhengi og var að fréttu að tillaga hennar hefði verið samþykkt. Hún lýsti eftir hugmyndum að sérfræðingum á þessu sviði, sérstaklega á Himalaya svæðinu.

Jón Haukur Ingimundarson sagði að RHA væri fyrir hönd Háskólans á Akureyri að vinna að „break-out-session“ fyrir Arctic Circle.

6. Fréttir frá stofnunum

Efst á baugi hjá Rannís er skipulagning málstofunnar fyrir Arctic Circle. Þorsteinn Gunnarsson vakti athygli á að [Arctic Science Summit Week](#) verður í Helsinki á vegum IASC 5.-11. apríl 2014 og sem hluti af ASSW verður Arctic Observing Summit og International Conference on Arctic Research Planning (ICARP III). - Tom sagði Norðurskautsráðið vera að skipuleggja svokallað Arctic Biodiversity Symposium sem verður haldið næsta ár, hugsanlega á Íslandi, en það kemur í ljós í október. - Héðinn sagði að í næstu viku yrði haldinn í Hörpu í Reykjavík 700 manna ársfundur Alþjóðahafrannsóknaráðsins (International Council for the Exploration of the Sea, ICES). Hafrannsóknastofnun er gestgjafi ráðstefunnar. - Halldór Jóhannsson sagði að á morgun hæfist fundur um loftslagsbreytingar og sífrera ([PAGE21](#)) í Abisko í Svíþjóð og tveir starfsmenn Arctic Portal verða þar með kynningu á gagnaveðhöndlun sem þau hafa unnið að sl. tvö ár. Eftir viku fer Halldór á fund í Rovaniemi í Finnlandi hjá [EU Arctic Information Centre](#), þar sem markmiðið er að auka samstarf norðurslóða og Evrópusambandsins. – Halldór á Veðurstofnunni minnti á tvo IASC fundi 11.-12. nóvember (Workshop on Arctic Data Rescue og Science and Collaborative Research) og lýsti eftir þátttöku frá Rannís á þann fyrri. Halldór mun senda upplýsingar um þessa fundi til fundarþátttakenda. – Embla Eir tilkynnti að nýr starfsmaður væri kominn til liðs við Norðurslóðanetið, en það er Ingveldur Tryggvadóttir. Til stendur að gefa út fréttabréf.

7. Önnur mál

Ákveðið var að halda næst fund fyrir Norðurslóðadaginn, föstudaginn 1. nóvember kl. 10:00-12:00. Sami fundarháttur verður hafður á, þ.e. símafundur í Utanríkisráðuneytinu og að Borgum.